

# Málfregnir

vefrit » íslenskan.is

2. tölublað • 21. árgangur • desember 2023

## Efni

- 2 *Frá Íslenskri málnefnd*
- 3 *Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2023*
- 6 *Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar 2023*
- 7 *Leiðbeiningar um mótun málstefnu*

## Málræktarþing 28. september 2023

- 7 *Nýjar áskoranir sem tækifæri fyrir öflugt rannsóknarstarf*  
Stefanie Bade
- 11 *Fyrstu skref í íslenskunámi ungmenna*  
Erla Guðrún Gísladóttir
- 14 *Viðhorf til íslensku*  
Kolbrún Friðriksdóttir
- 17 *Bara hlusta*  
Grace Achieng
- 20 *Hvað get ég orðið?*  
Jóna Dís Bragadóttir



# Frá Íslenskri málnefnd



Stjórn Íslenskrar málnefndar. Frá vinstri: Anna Sigríður Þráinsdóttir, Luciano Dutra, Eva María Jónsdóttir, Ármann Jakobsson formaður og Steinunn Stefánsdóttir

Þessi útgáfa Málfregna er helguð málræktarþingi Íslenskrar málnefndar sem haldið var í Þjóðminjasafninu 28. september 2023. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Íslenska í fjölmenningsarsamfélagi og fjallar ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu tungunnar 2023 einnig um það efni. Ályktun er birt hér á bls. 3–5.

Fyrirlesarar á málræktarþinginu voru Krístrún Heiða Hauksdóttir og Hallgrímur J. Ámundason: Fjósarímur nútímans – íslenskan og stjórnsýslan; Stefanie Bade: Nýjar áskoranir sem tækifæri fyrir öflugt rannsóknarstarf; Erla Guðrún Gísladóttir: Fyrstu skref í íslenskunámi ungmenna; Jóna Dís Bragadóttir: Hvað get ég orðið?; Kolbrún Friðriksdóttir: Viðhorf til íslensku og Grace Achieng: Bara hlusta. Fundarstjóri var Anna Sigríður Þráinsdóttir. Greinar sem unnar eru upp úr fyrirlestrunum birtast nú á síðum þessa rits.

Á bls. 7 eru birtar leiðbeiningar sem Íslensk málnefnd hefur tekið saman um mótun málstefnu fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir.

Núverandi málnefnd lætur af störfum um áramótin. Hún var skipuð frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2023. Skýrsla um starf nefndarinnar síðustu fjögur ár hefur verið send til menningar- og viðskiptaráðuneytis og er hún einnig birt á vefsíðu málnefndarinnar, [islenskan.is](http://islenskan.is).



# Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2023

## ÍSLENSKA Í FJÖLMENNINGARSAMFÉLAGI

Á síðustu 30 árum hefur Ísland þróast með sífellt meiri hraða í átt að fjölmeningarsamfélagi. Lengi fór lítið fyrir opinberri stefnumörkun um stöðu íslensku og litlum fjármunum var varið í að tryggja stöðu hennar í breyttu samfélagi. Síðustu fimmtán ár hefur árvekni stjórnvalda aukist. Árið 2011 voru í fyrsta sett lög um stöðu íslenskrar tungu og haustið 2019 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu ráðherra um sama efni. Ástæða er til að vekja athygli á mikilvægustu þáttum sem varða stöðu íslensku.

Skólakerfið stendur frammi fyrir því að fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku er við nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum og útlit fyrir að þeim fjölgi enn frekar. Hætt er við að þessi börn búi ekki við raunverulegt jafnrétti til náms ef skólakerfinu er ekki gert kleift að koma til móts við þarfir þeirra. Á hinn bóginn er skólakerfið ótvírætt öflugasta tækið til að styrkja og efla íslenska tungu hvort sem íslenska er fyrsta eða annað mál nemenda. Mikilvægt er að nýta niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna á aðlögun innflytjenda og námsárangri og íslenskufærni tvítýngdra barna. Niðurstöður innlendra rannsókna benda því miður til að tvítýngd börn með annað móðurmál en íslensku séu með marktækt slakari færni í íslensku í samanburði við eintýngd íslensk börn. Hafa ber í huga að virkt tvítýngi felur í sér málviðbót þar sem öðru máli er bætt við móðurmálið án þess að málskipti verði – nýja málið kemur ekki í stað móðurmálsins. Rannsóknir benda til þess að málviðbót eða virkt tvítýngi styrki og hafi jákvæð áhrif á námsárangur, öfugt við málskipti.

Auka þarf námsframboð fyrir fullorðna innflytjendur og gæta þess að búseta og kostnaður hamli ekki námi. Fólki sem ekki hefur íslensku að móðurmáli ætti að gefast tækifæri til að sækja námskeið í vinnutíma sínum en ekki aðeins á kvöldin og um helgar. Fyrirtæki ættu að taka virkan þátt í íslenskumenntun starfsfólks síns eins og sum hafa þegar gert og æskilegt væri að styrkja minni fyrirtæki til þess. Mikilvægt er að staðið sé vel að því að innleiða viðmið evrópska tungumálarammans eins og til stendur. Ef íslenskumenntun fullorðinna innflytjenda er ekki aukin er hætt á að hópur Íslendinga verði útilokaður frá íslenskri menningu vegna tungumálaörðugleika. Ljóst er að námsframboð í íslensku er ekki nægilegt, einkum fyrir lengra komna nemendur. Það er jafnréttismál að innflytjendur eigi ekki á hættu að vera útilokaðir frá neinum sviðum samfélagsins, og sérstaklega ekki störfum sem þeir hafa menntun til að gegna, vegna ónógrar færni í tungumálinu. Um leið þarf sem endranær að standa vörð um íslensku sem opinbert mál samfélagsins.

Afar mikilvægt er að veita öllum íbúum landsins óháð uppruna aðgang að samfélagi, menntakerfi, stjórnarsýslu, heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfi í gegnum íslenskt mál. Samfélagið þarf allt að leggjast á eitt til að efla aðgang að íslenskukennslu fyrir innflytjendur, efla málörvun tvítyngdra barna og tryggja ungmennum með íslensku sem annað mál stuðning í skólakerfinu. Þar skiptir aðgengi að rafrænum hjálpargögnum miklu máli. Efla þarf faglegan bakgrunn íslenskukennara á öllum skólastigum.

Ferðaðþjónusta er mikilvægur atvinnuvegur hér á landi. Enska er ríkjandi á flestum ferðamannastöðum, gistihúsum, hótelum, veitingastöðum og kaffihúsum. Hún er einnig áberandi í auglýsingum verslana og matsölustaða. Tryggja verður að íslenska sé ávallt í öndvegi þó að sjálfsagt sé að nota jafnframt ensku eða önnur mál. Þörf er á vitundarvakningu í ferðaðþjónustunni og um leið er mikilvægt að stjórnvöld leiðbeini þessum mikilvæga atvinnuvegi á þessu sviði.

Áriðandi er að almenningur taki þátt í að halda íslensku á lofti og hvetji fólk sem spreytir sig á að tala íslensku til dáða og sýni því þolinmæði. Fólk sem hefur ekki enn náð fullum tókum á íslensku á rétt á að tjá sig á öllum hugsanlegum vettvangi á sínum forsendum. Ætla má að fólk telji sig betur sett án íslensku ef viðmótið sem mætir því er neikvætt og ef íslenska er ekki alls staðar sýnilegt og sjálfsgefið mál við daglegar aðstæður, til dæmis í þjónustu og móttöku, á matseðlum, auglýsingaskiltum o.s.frv. Þess vegna er mikilvægt að fólk sem er að læra íslensku sé hvatt til að tjá sig á íslensku fremur en að gripið sé til þess að nota ensku í samskiptum. Í samfélagi sem tekur fjölmenningu og fjöltyngi opnum örmum þarf að huga sérstaklega vel að því að ólík tók fólks á tungumálinu séu aldrei notuð til mismununar og útilokunar. Í þessu augnamiði þarf markvisst að vinna að því með jákvæðri umræðu og fræðslu að eyða fordómum og auka umburðarlyndi fólks gagnvart íslensku með erlendum eða framandlegum einkennum.

Íslenska er það mál sem veitir bestan aðgang að íslensku samfélagi og menningu. Fólk með erlendan bakgrunn er í mun minni tengslum við hvort tveggja ef það fer á mis við að tileinka sér málið með fullnægjandi hætti. Möguleg afleiðing þessa er að íslenska verði eign æ færri Íslendinga og að fólk sem ekki kann íslensku verði utangarðs í menningunni og samfélaginu öllu. Koma þarf eftir fremsta megni í veg fyrir að samfélagið greinist í smáa menningarkima sem vita varla hver af öðrum. Þar leikur tungumálið, íslenskt mál og íslenskt táknmál, lykilhlutverk, ekki aðeins til þess að innflytjendur eigi auðveldara með að fóta sig og taka virkan þátt í samfélaginu heldur einnig til þess að brúa menningarheima og miðla menningu, list og sögu. Æskilegt er að slík menningarmiðlun sé gagnkvæm enda getur íslenskt samfélag lært mikið af reynslu, þekkingu og menningu þeirra sem flytjast til landsins.

Hafa þarf í huga að það er aðgengismál og jafnréttismál að íslenska sé jafnan notuð enda eru tók fólks á erlendum tungumálum mismunandi og stöðug enskunotkun getur leitt til þess að hluti samfélagsins sé útilokaður frá ákveðnum þáttum þess. Málið er öflugt valdataeki sem beita ber af varúð. Í íslenskri málstefnu er áhersla lögð á að íslensku sé ekki beitt til að gefa til kynna yfirburði eða undirskipun fólks eftir stétt þess og stöðu. Þetta á einnig við um orðfæri sem notað er um mismunandi þjóðfélagshópa þar sem leggja ber áherslu á að nota það orðfæri sem fólk í þeim hópum kys sjálft. Það getur þýtt að leggja þurfi af viðtekið orðfæri sem er ekki lengur viðeigandi eða jafnvel meiðandi.

Nú sem aldrei fyrr er brýnt að íslenska sé alls staðar sýnileg og upplýsingar alltaf aðgengilegar á íslensku. Þótt enska og önnur mál geti víða þurft að vera áberandi ætti það aldrei að vera á kostnað íslensku.

Mikilvægt er að hafa í huga að íslenska er fyrsta mál fárra. Þess vegna er þörf á meiri aðgerðum í þágu íslensku en fjölmennari tungumála. Þá þurfa stjórnvöld að taka meiri þátt í þeim aðgerðum en ella væri. Hér geta stórbjóðirnar ekki verið fyrirmynd því að íslenskar aðstæður eru sérstakar og kalla á meiri afskipti hins opinbera. Stjórnvöld verða að auka fjárveitingar til eflingar íslensku. Á næstu árum eru þessi verkefni brýnust þegar kemur að íslensku í fjölmeningarsamfélagi að mati Íslenskrar málnefndar:

1. Auka fjármagn til íslenskukennslu sem mætir þörfum barna með annað móðurmál.
2. Auka fjármagn í íslenskukennslu fyrir fullorðna.
3. Auka fjármagn til menntunar íslenskukennara.
4. Fjölga styrkjum til námsefnisgerðar í íslensku.
5. Ná samkomulagi við atvinnurekendur um hvernig þeir taki best þátt í íslenskumenntun þjóðarinnar, sér í lagi erlends starfsfólks.
6. Hvetja ferðþjónustuna til að nota ávallt íslensku samhliða erlendum tungumálum og jafnvel setja reglur þar um.

Stjórnvöld verða að ganga á undan með góðu fordæmi og miðla öllu efni á íslensku og algengustu tungumálum innflytjenda.

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákna. Í lögunum er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og enn fremur að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli þau sjá til þess að hún sé notuð. Eitt af hlutverkum málnefndar er að álykta árlega um stöðu tungunnar.



# Viðurkenningar



Árlega veitir Íslensk málnefnd viðurkenningar fyrir eitthvað sem vel er gert á sviði málræktar eða líklegt er til að efla íslenska tungu. Á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar, sem haldið var 28. september 2023, fengu eftirtaldir aðilar viðurkenningu:

Ewa Marcinek og Natasha S. viðurkenningu Íslenskrar málnefndar 2023 fyrir að breiða út íslensku sem bókmenntamál þeirra sem ekki hafa hana að móðurmáli og kaffibrennslan Valeria fyrir að breiða út íslensku sem aðal tungumálið í verslunar- og veitingageiranum.

Á myndinni eru talið frá vinstri: Ármann Jakobsson, formaður Íslenskrar málnefndar, Marta Magnúsdóttir frá kaffibrennslunni Valeria á Grundarfirði, Natasha S. og Ewa Marcinek.



# Leiðbeiningar um mótun málstefnu

## fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir

- Málstefna fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir skal hafa [lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011](#) til hliðsjónar. Gott er að taka einnig mið af [íslenskri málstefnu 2021–2030](#).
- Mikilvægt er að taka fram að íslenska sé sett frammar öðrum tungumálum án þess að önnur mál séu útilokuð. Dæmi um það getur verið að setja þá reglu hafa íslensku ofan við eða vinstra megin við önnur mál á upplýsingaskiltum.
- Setja ætti þá reglu að íslenska sé meginsamskiptamálið í þjónustu og vinnuumhverfi, sbr. lög nr. 61/2011. Um leið þarf að gæta að því að reglan sé ekki útilokandi fyrir starfsfólk og þjónustuþega sem tala ekki íslensku. Tilefni getur verið til að áréttu lögbundinn rétt til túlkajónustu milli mála og á táknmáli.
- Leggja þarf áherslu á að hvetja erlent starfsfólk til að læra íslensku og veita því tækifæri til að sækja íslenskunámskeið. Gott er að nota Evrópska tungumálarammann til að setja viðmið um íslenskukunnáttu og tímaramma. Reykjavíkurborg hefur t.d. innleitt [Evrópska tungumálarammann](#).
- Ávörp skulu fela í sér virðingu og inngildingu allra hópa.
- Leggja ætti áherslu á skýrt og auðskilið mál í ræðu og riti, að málfar sé í samræmi við málvenjur og viðeigandi málsnið og að ritmál fylgi [íslenskum ritreglum](#).
- Mikilvægt er að setja ákvæði um að allt birt og útgefið efni sé undantekningarlaust á íslensku, sbr. lög nr. 61/2011, en jafnframt á öðrum málum eftir því sem við á. Þetta á einnig við um vefsíður sem ættu að vera stilltar þannig að íslenska sé alltaf sjálfgefin en aðgengi að þeim á öðrum málum sé engu að síður skýrt og auðfundið.
- Æskilegt er að kveða á um að íslensk nöfn stofnana, skóla og sveitarfélaga séu ávallt í forgrunni. Það sama á við um starfsheiti. Um leið er gott að hafa opinber erlend heiti til staðar. Tilefni getur verið til að áréttu að íslensk örnefni séu alltaf notuð en erlend heiti fylgi í sviga ef ástæða er talin til þess.
- Ágætt er að huga að því að hafa málstefnuna stutta og hnitmiðaða en láta fylgja greinargerð með nánari útfærslu sem tekur m.a. á sérverkefnum hverrar stofnunar.
- Þegar málstefna hefur verið samþykkt þarf innleiðing og eftirfylgni að vera á ábyrgð tiltekins yfirmanns innan sveitarfélags eða stofnunar. Mikilvægt er að málstefnan sé aðgengileg, t.d. á heimasíðu.





Stefanie Bade

# Nýjar áskoranir sem tækifæri fyrir öflugt rannsóknarstarf

## 1 Inngangur

Breytingar frá einhverju rótgrónu, einhverju sem maður þekkir og er vanur eru oft erfiðar. Kannski er það þess vegna að við mannfólk eigum oft til að horfa á breytingar sem vandamál frekar en áskoranir sem hafa að geyma fjölmörg tækifæri. Eitt nýlegt og þýðingarmikið dæmi um áskorun er fjölgun nýrra Íslendinga en fjöldi þeirra einstaklinga sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur farið sífellt og hratt vaxandi á seinustu árum. Um það bil fimmti hver íbúi landsins hefur nú erlendan bakgrunn (Hagstofa Íslands 2022) og það væri kærulaust að loka augunum fyrir þeim gríðarlegu áhrifum sem breytingar að þessu tagi hafa á samfélagið allt. Þörf er á nýju samkomulagi milli „gamalla“ og nýrra íbúa í ljósi þess að Ísland hafði lengi einkennst af lýðfræðilegri og mállegri einsleitni. Enda þótt íslenskt samfélag þurfi nú að takast á við þetta flókna málefni megum við ekki gleyma þeim ótal mörgu tækifærum sem felast í áskorunum, einkum fyrir tækifæri til rannsókna sem hér verður sérstaklega hugað að.

Nú þegar hefur fræðifólk á mismunandi sviðum og með fjölbreyttan faglegan bakgrunn lagt góðan grunn að rannsóknarstarfsemi til framtíðar. Þar sem fjölgun annarsmálshafa endurspeglar einnig í eftirspurn eftir námskeiðum í íslensku sem öðru máli er óhjákvæmilegt að bregðast við, t.a.m. með því að útvíkka námsframboðið. Ekki má þó gleyma

að hér er um að ræða einstakt tækifæri til að efla víðtækar rannsóknir á íslensku sem öðru máli, aðstæðum annarsmálshafa og þörfum þeirra svo og á kennsluáðferðum og kennsluefni.

## 2 Fjölbreyttar rannsóknir

Að vísu kann að vera erfitt að velja milli brýnna verkefna en nú þegar hefur gott samstarf milli stofnana og eininga leitt til góðs. Þá er vert að rifja upp nokkrar af þeim rannsóknum sem hafa verið stundaðar á sviði íslensku sem annars máls sem er markmið eftirfarandi yfirlits. Í fyrsta lagi eru það rannsóknir á formþáttum í íslensku sem öðru máli og verður hér farið yfir þær helstu. Í öðru lagi má nefna athuganir á félagslegum og félagsmálvísindalegum aðstæðum annarsmálshafa og, í þriðja lagi, rannsóknir hvað varðar kennslu, kennsluáðferðir og kennsluefni. Augljóst er að flokkarnir haldast að mörgu leyti í hendur hver við annan og því ekki alltaf unnt að greina þeirra á milli.

### 2.1 Formeinkenni íslensku sem annars máls

Eins og hér hefur komið fram beinist fyrsti þátturinn að formþáttum íslensku sem annars máls sem birtast e.t.v. í frávikum frá móðurmálsíslensku er varðar t.a.m. beygingar, setningafræðileg atriði, hljóðfræðileg einkenni svo og notkun mismunandi málsniða í formlegu og óformlegu máli, bæði í tali



og ritun. Þá er einnig mikilvægt að gera athuganir á sviði máltileinkunar erlends máls með sérstöku tilliti til íslensku sem annars máls og nýta sér mismunandi kenningar og úrvinnsluaðferðir, til dæmis með því að beita úrvinnslukenningunni (María Anna Garðarsdóttir 2018; María Anna Garðarsdóttir og Sigríður D. Þorvaldsdóttir 2020; Sigríður D. Þorvaldsdóttir og María Anna Garðarsdóttir 2013) og að nota samtalsgreiningu (Guðrún Theodórsdóttir 2011). Að bera kennsl á þau ferli sem liggja að baki tileinkunar íslensku sem annars máls gerir okkur kleift að efla þekkingu á því sviði, bera hana saman við tileinkun annarra mála og taka þátt í rannsóknum á alþjóðlegum vettvangi. Þá er einnig hægt að nýta þekkingu á kerfisbundnum frávikum í máli annarsmálshafa til að gefa þeim sem læra íslensku tæki og tól til að leiðrétta eigin málnotkun en undirstaða þess er öflug máltækni og villumálheildir (t.d. Þórunn Arnardóttir o.fl. 2022). Að flokka og kortleggja málnotkun nemenda og þau mistök sem fylgja gjarnan tileinkun erlends máls á mismunandi færnistigum getur einnig auðveldað fræðifólki að bera kennsl á vægi þeirra þegar mat er lagt á málnotkun málnema og hefur slíkt einmitt mikla þýðingu fyrir þróun kennslu (Gísli Hvanndal Ólafsson 2015/2016). Farið er af stað verkefni með það að markmiði að skilgreina og staðla færnistiga í íslensku sem öðru máli sem mun einnig leiða af sér stöðluð próf og er það mikilvægt skref í að tryggja gæði íslenskunáms og gera íslensku sem annað mál sambærilegt við önnur mál með Evrópska tungumálarammann til hliðsjónar (Council of Europe 2001). Þar sem fræðifólk frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stendur á bak við þetta þýðingamikla verkefni er það ekki síst gott dæmi um aukið samstarf og markvissa nýtingu sérfræðiþekkingar.

## 2.2 Félagslegir og málfélagslegir þættir

En lýsingar á formþáttum í málnotkun nemenda með íslensku að öðru máli geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki í að bera kennsl á stöðu annarsmálsíslensku í samfélaginu og á viðbrögð við og viðhorf til hennar, til dæmis þegar hún er töluð með hreim (Stefanie

Bade 2018, 2019, 2023). Rannsóknir á félagslegum og félagsmálfræðilegum þáttum í málnotkun annarsmálshafa hafa sýnt að þau sem tala ekki eins og móðurmálshafar eru oft litin öðruvísi eða meira að segja neikvæðum augum og þess vegna er fróðlegt að kanna hvaða þættir hafa áhrif á mat á málnotkun hér á landi og hvaða lærdóm við getum dregið af þessu fyrir samfélagið.

Það er mikilvægt að minna sig á að þau sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli eru fjölbreyttur og oft viðkvæmur hópur. Félagslegar aðstæður og raunveruleiki þeirra getur verið töluvert frábrugðinn frá því sem þeir upplifa sem hafa íslensku að móðurmáli. Í ljósi þess er áhugavert að kanna betur bæði aðstæður þeirra almennt og bakgrunn svo og upplifun þeirra, til dæmis að aðgengi að íslenskunámi og -námskeiðum sem og að náminu sjálfu (Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir 2020; Lara Hoffmann o.fl. 2017). Svo er fróðlegt að kanna hvata nemenda til náms eins og einnig brottfall (Kolbrún Friðriksdóttir 2018, 2021), svo og sjálfsmynd í tví- eða fjöltýngdu málumhverfi, og dýpka þekkingu á þeim þáttum (Renata Pesková 2021). Brýnt er að kanna áfram enskuna og hennar hlutverk í íslenska samfélaginu, einnig með tilliti til þess við hvaða aðstæður íslenskir móðurmálshafar grípa sérstaklega til hennar eða af hverju þeir velja frekar að eiga samskipti við annarsmálshafa á ensku og hver kveikjan er að því (Birna Árnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2018; Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir 2021). Að kanna þessa þætti getur ekki síst verið þýðingarmikið í tengslum við jafnrétti, aðgengi annarsmálshafa að samfélagi og menntun og í sambandi við félagslega hreyfingu (sbr. Kristín Harðardóttir o. fl. 2007: 456).

## 2.3 Kennsla íslensku sem annars máls

Til þess að styðja annarsmálshafa í að læra íslensku er nauðsynlegt að geta boðið upp á fjölbreytt kennsluefni og kennsluaðferðir sem byggja á traustum rannsóknum og tækniþróun. Margt hefur gerst í þróun forritra og tölvutengdri íslenskukennslu á seinustu árum. Opna vefnámskeiðið *Icelandic Online* (Áki Karlsson o.fl. 2022) hefur verið þróað áfram

og önnur forrit hafa bæst við sem eru sérhönnuð til að auðvelda annarsmálshöfum að þjálfra markvisst ýmis konar færniþætti. Þar má til dæmis nefna þrívíddartölvuleik sem var þróaður sem hluti af verkefninu *Icelandic Language and Culture Training in Virtual Reykjavík* og sem er hannaður til að æfa hlustun og tal (Branislav Bédi 2020). Verið er að þróa framburðarforritið *CAPTinI* (Caitlin Richter o.fl. 2022) og það er opið forrit sem mælir nákvæmni í framburði miðað við framburð innfæddra og býður notendum upp á beina endurgjöf. Svo er vert að nefna forritið *LARA* (Branislav Bédi o.fl. 2020) sem styður annarsmálshafa í að þjálfra og auka orðaforðann með því að bjóða upp á texta sem innihalda þýðingar og hljóddæmi en líka myndskreyti með íslensku táknmáli til að gera döff innflytjendum kleift að nýta það forrit til að læra íslenskt táknmál.

Þegar kemur að orðaforða og lesskilningi liggur við að snúa sér að bókmenntum. Tvær bækur með smásögum eru komnar út eftir Karítas Hrunnar Pálsdóttur, nefndar *Árstíðir* (2020) og *Dagatal* (2022). Textarnir efla lesskilning og auka orðaforða annarsmálshafa eftir mismunandi færnistigum og bækurnar hafa notið nokkurra vinsælda. Smásögur þeirra Berglindar Ernu Tryggvadóttur og Þórunnar Rakelar Gylfadóttur eru í svipuðum dúr en þær voru sérstaklega samdar með tilliti til svokallaðs námsorðaforða og eru fyrir lengra komna annarsmálshafa (Berglind Erna Tryggvadóttir og Þórunn Rakel Gylfadóttir 2023; sbr. Auður Pálsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir 2023). Þetta verkefni sem hlaut styrk úr Markáætlun um tungu og tækni er annað gott dæmi um líflegt samstarf milli tveggja sviða Háskóla Íslands og Árnastofnunar sem væri æskilegt að útvíkka í framtíðinni. Síðast en ekki síst,

er verðugt að benda á það að tungumál lærist ekki einungis innan veggja kennslustofunnar heldur að stórum hluta utan þeirra. Verkefni undir heitinu *Íslenskuþorpið* (Guðrún Theodórsdóttir og Søren Eskildsen 2022; Guðlaug Stella Brynjólfssdóttir 2011) hefur verið í gangi í mörg ár en í því felst að heimamenn eða fólk með góða íslenskukunnáttu gerist viðmælandi nemenda í íslensku sem öðru máli til að veita þeim þjálfun í samtölum daglegs efnis, til dæmis í þjónustusamtölum. Þessi aðferð hefur borið mikinn árangur hjá nemendum og annað sambærilegt verkefni hefur verið virkt á Vestfjörðum sem nefnist *Gefum íslensku séns – íslenskuvænt samfélag* (Háskólasetur Vestfjarða 2023) og hefur nýlega hlotið Evrópumerkið fyrir nýsköpun og tækniþróun í tungumálakennslu. Það verkefni nær að slá tvær flugur með einu höggi með því að virkja móðurmálshafa íslensku og gera þau að almennum kennurum í samskiptum við annarsmálshafa. Í leiðinni kynnast móðurmálshafar mismunandi gerðum útlenskuskotinnar íslensku og komið er í veg fyrir ofnotkun ensku.

### 3 Að lokum

Rannsóknir á sviði íslensku sem öðru máli eru afskaplega fjölbreyttar og það hefur sýnt sig að okkar fræðifólk hefur mikið fram að færa, einnig þegar kemur að því að stuðla að þekkingu á alþjóðlegum vettvangi. Þegar allt er á botninn hvólf þarf að játa að fjölgun innflytjenda og þar með þeirra sem læra íslensku er mikil áskorun en hún er einnig einstakt tækifæri til að efla öflugt og fjölbreytt rannsóknarstarf þvert yfir rannsóknarsvið og menntunarstofnanir og tryggja lífvænleika íslensku í leiðinni.

## Heimildir

Auður Pálsdóttir, & Sigríður Ólafsdóttir. 2023. Íslenskur námsorðaforði. *Netla*.

Áki Karlsson, Birna Arnbjörnsdóttir, Daisy Neijmann, Halldóra Þorlákssdóttir, Jón Karl Helgason, Kolbrún Friðriksdóttir, Olga Holownia, Patrick Thomas, Sigurður Birkir, Úlfar Bragason, & Úlfur Einarsson. 2022. *Icelandic online*.

Berglind Erna Tryggvadóttir, & Þórunn Rakel

Gylfadóttir. 2023. Mikilvægur orðaforði fyrir fjöltyngi og vélþýðingar: 25 smásögur á grundvelli námsorðaforða LÍNÓ II. MA ritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/45760>

Birna Arnbjörnsdóttir, & Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.). 2018. *Language development across the lifespan: The impact of English on education and work in Iceland*. *Educational Linguistics* 34. Springer.

- Branislav Bédi. 2020. Learning Icelandic in Virtual Reykjavik: Simulating real-life conversations with embodied conversational agents using multimodal clarification requests. Doktorsritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2142>.
- Branislav Bédi, Matt Butterweck, Cathy Chua, Johanna Gerlach, Birgitta Björk Guðmarsdóttir, Hanieh Habibi, Bjartur Örn Jónsson, Manny Rayner, & Sigurður Vigfússon. 2020. LARA: an extensible open source platform for learning languages by reading. *CALL for widening participation: short papers from EUROCALL*, 27–35.
- Caitlin Richter, Branislav Bédi, Ragnar Pálsson, & Jón Guðnason. 2022. Computer-assisted pronunciation training in Icelandic (CAPTinI): developing a method for quantifying mispronunciation in L2 speech. *Intelligent CALL, granular systems and learner data: short papers from EUROCALL 2022*, 334.
- Council of Europe. 2001. *Common European Framework of Reference for Languages: Learning, Teaching, Assessment*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Eiríkur Rögnvaldsson, & Sigríður Sigurjónsdóttir. 2021. Áhrif stafræns málsambýlis á íslensku. *Ritið*, (3), 1–9.
- Gísli Hvanndal Ólafsson. 2015/2016. Grammar and Linguistic Structures at Level A1 of Icelandic (unpublished master's thesis). Vrije Universiteit, Brussels.
- Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir. 2011. Íslenskuþorpið. Íslenskukennsla fyrir erlenda nemendur og íslenskunám úti í samfélaginu. MA ritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/8422>.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2011. Language learning activities in real-life situations: Insisting on TCU completion in second language talk. Gabriele Pallotti, & Johannes Wagner (ritstj.), *L2 learning as social practice: Conversation analytic perspectives*, 185–208.
- Guðrún Theodórsdóttir, & Søren W. Eskildsen. 2022. Accumulating semiotic resources for social actions: A case study of L2 Icelandic in the wild. *The Modern Language Journal*, 106(S1), 46–68.
- Hagstofa Íslands. 2022. *Mannfjöldi eftir bakgrunni 1996–2022*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-ef-tir-bakgrunni-2022/>.
- Háskólasetur Vestfjarðar. 2023þ *Gefum íslensku séns*. [https://www.uw.is/frettir/Gefum\\_islensku\\_sens/](https://www.uw.is/frettir/Gefum_islensku_sens/). 16. febrúar.
- Karítas Hrundar Pálsdóttir. 2020. *Árstíðir. Sögur á einföldu máli*. Reykjavík: Una.
- Karítas Hrundar Pálsdóttir. 2022. *Dagatal. Sögur á einföldu máli*. Reykjavík: Una.
- Lara Hoffmann, Pamela Innes, Anna Wojtinska & Unnur Dís Skaptadóttir. 2021. Adultimmigrants' perspectives on courses in Icelandic as a second language: structure, content, and inclusion in the receiving society. *Journal of Language, Identity & Education*, 1–16.
- Kolbrún Friðriksdóttir. 2018. The impact of different modalities on student retention and verall engagement patterns in open online courses. *Computer Assisted Language Learning*, 31(1-2), 53–71.
- Kolbrún Friðriksdóttir. 2021. The effect of content-related and external factors on student retention in LMOOCs. *ReCALL*, 33(2), 128–142.
- Kristín Harðardóttir, Kristín Lofsdóttir & Unnur Dís Skaptadóttir. 2007. Innflytjendur: Viðurkenning og virðing í íslensku samhengi. Jóhannesson, Gunnar Þór (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VIII: Félagsvísindadeild*, 449–459.
- María Anna Garðarsdóttir. 2018. Ég finnst það. Um tilurð og þróun skynjendafurmlaga í íslensku sem öðru máli. *Greinasafn frá færeysk-íslenskri ráðstefnu í Reykjavík*, 233–248.
- María Anna Garðarsdóttir & Sigríður D. Þorvaldsdóttir. 2020. A processability approach to the development of case in L2 Icelandic. *Language, Interaction and Acquisition* 11:1. *Special Issue: A cross-theoretical and cross-linguistic perspective on the L2 acquisition of case systems*, 68–98.
- Markus Meckl, & Hermína Gunnþórsdóttir (ritstj.). 2020. Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2402>.
- Renata Emilsson Peskova. 2021. School experience of plurilingual students: A multiple case study from Iceland. Doktorsritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2648>
- Sigríður D. Þorvaldsdóttir & María Anna Garðarsdóttir. 2013. Fallatleinkun í íslensku sem öðru máli. *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu*, 45–72.
- Stefanie Bade. 2018. Hvernig meta Íslendingar fólk sem talar með hreim? Greining á duldu viðhorfum með sérstöku tilliti til kyns og aldurs. *Orð og tunga*, 20, 121–146.
- Stefanie Bade. 2019. Evaluations of foreign accents in a purist speech community: The case of Iceland. Villena-Ponsoda, Juan-Andrés, Francisco Díaz-Montesinos, Antonio Ávila Muñoz, & Matilde Vida-Castro (ritstj.), *Language variation: European perspectives VII*, 53–70. Amsterdam, Philadelphia: John Benjamins.
- Stefanie Bade. 2023. Accents and folk linguistics: a grounded-theoretical analysis of Icelanders' reactions to foreigners' use of Icelandic. Doktorsritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/4264>.
- Þórunn Arnardóttir, Isidora Glisic, Annika Simonsen, Lilja Stefánsdóttir, & Anton Ingason. 2022. Error Corpora for Different Informant Groups: Annotating and Analyzing Texts from L2 Speakers, People with Dyslexia and Children. Proceedings of the 19th International Conference on Natural Language Processing (ICON), 245–252.



Erla Guðrún Gísladóttir

# Fyrstu skref í íslenskunámi ungmenna

Í Reykjavík eru starfrækt fjögur íslenskuver. Þau hafa það hlutverk að bjóða upp á íslenskukennslu fyrir grunnskólanemendur sem flytja hingað til lands á aldrinum tíu til sextán ára og tala ekki íslensku. Hvert íslenskuver þjónar frá fimm til 15 grunnskólum og eru þau staðsett í í Austurbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Ingunnarskóla og Vogaskóla. Fyrirkomulag íslenskuveranna er með þeim hætti að nemendur sækja nám í íslenskuverum fyrir hádegi fjóra daga vikunnar. Eftir hádegi fara þau í sinn heimaskóla og eru síðan alltaf einn heilan dag í hverri viku í sínum skóla. Nemendur stunda nám í íslenskuverum í þrjá til níu mánuði eða þar til þau hafa náð hæfni í íslensku sem annað tungumál á 1. stigi samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Íslenskuverin eru nýlunda. Í Breiðholti erum við að sigla inn í okkar annað starfsár og íslenskuverin hafa gefið okkur dýrmætt tækifæri til að þróa betur umgjörð utan um kennslu íslensku fyrir börn og ungmenni sem hingað flytja. Nemendur standa frammi fyrir mikilli áskorun því þau eru lent í öðru landi, skilja jafnan hvorki tungumálið né siði og venjur samfélagsins, auk þess sem þau er farin frá vinum sínum og vandamönnum. Sum geta heimsótt upprunaland sitt en önnur ekki og þar sem þau

eru börn þá ákváðu þau yfirleitt ekki sjálf að flytja hér til lands. Þau eru á misjöfnum stað í námi og misáhugasöm fyrir því að búa hér. Allt þetta hefur áhrif á íslenskunám þeirra.

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út vandaða námskrá í íslensku sem annað tungumál þar sem íslenskunáminu er skipt upp í fjögur stig.<sup>1</sup> Einnig hefur verið gefin út viðmiðunarstundatafla fyrir þessa kennslu sem finna má hjá Menntamálastofnun.<sup>2</sup> Það var mikil bragarbót þegar námskráin kom út því hún rammar inn kennslugreinina íslensku sem annað tungumál og tryggir að samræmi sé á milli skóla og landshluta. Mikill uppgangur er í málefnum barna af erlendum uppruna og margir sem leggja sitt af mörkum til að lyfta íslenskukennslunni upp á herra stig. Mörg verk bíða þó enn og í íslenskuverunum er lagt kapp á að þróa umgjörð um 1. stig í íslensku sem annað tungumál svo að aðrir sem kenna nýkomnum geti gengið að vísu kennsluáætlunum, námsviðmiðum, námsorðaförða og hentugu námsefni í íslensku sem annað tungumál.

Í mörg horn er að líta þegar íslenskunám barna og ungmenna er skipulagt. Sem dæmi má nefna að faglegt utanumhald þarf að vera til staðar. Byggja þarf upp umgjörð fyrir hvert stig og hvern aldurshóp.

1. Aðalnámskrá grunnskóla (2021), kafla 19.3.

2. Menntamálastofnun.



Kennsluáðferðir þurfa að vera fjölbreyttar til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Gott námsefni þarf að vera til staðar. Og loks þarf að vera fyrir hendi þekking á því að íslenskunám fyrir nemendur af erlendum uppruna er af öðrum toga en íslenskunám barna sem eiga íslensku sem fyrsta mál.

Þegar fullorðnir læra íslensku geta þeir í velflestum tilvikum stuðst við sitt móðurmál og málfræðiuppbyggingu þess. Þeir þekkja málfræðihugtök og geta yfirfært þau á milli tungumála. Málin vandast hjá börnum og ungmennum. Íslenskunám ungmenna sem eru með samfellda skólagöngu svipar að vísu mjög til þess hvernig fullorðnir læra. Yngri börn eru hins vegar mörg hver ekki með sama grunn og þekkja síður málfræðiuppbyggingu síns móðurmáls og eru jafnvel að læra málfræðihugtök í fyrsta skipti á íslensku.

Það þýðir til að mynda lítið að kenna nemendum sem eru læra íslensku frá grunni að þekkja kyn orða með hjálparorðunum *minn*, *mín* og *mitt*. Í þeirra eyrum hljómar þetta allt eins. Í staðinn kennum við að flest orð sem enda *-ur* eru karlkyns, með ýmsum undantekningum, og svo framvegis. Gígja Svavarsdóttir hjá Dósaverksmiðunni hefur verið óþreytandi að uppfærða kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál um hagnýtar leiðir í kennslunni. Samráð er eina leiðin til að veita nemendum okkar góða kennslu og í því felst meðal annars að við þurfum að læra hvert af öðru, miðla því sem við kunnum og fá sérfræðiaðstoð þegar við stöndum á gati.

Í Breiðholti fer fram öflugt samráð allra þeirra sem kenna íslensku sem annað tungumál í grunnskólum. Þrátt fyrir að mikil gróska sé um þessar mundir eru verkefnin ærin og við sjáum ekki alltaf til lands. Til að gefa innsýn í stöðu íslenskunáms barna og ungmenna á Íslandi í dag þá stöndum við frammi fyrir þeim vanda að námsbækur fyrir grunnskólabörn í íslensku sem öðru tungumáli eru fáar enda eru eru 10 ár síðan síðasta námsbók kom út og við eigum ekki til byrjendabók í íslensku fyrir grunnskólabörn.<sup>3</sup> Sem betur fer er til námsefni annars staðar frá sem hægt er að nýta en því miður er það ekki samið út frá þörfum barna og ungmenna sem eru að stíga sín

fyrstu skref í íslenskunámi. Ungmennin lenda síðan í töluverðum vanda við að læra aðrar námsgreinar, því ekki er til byrjendanámsefni í til dæmis stæðfræði, samfélagsfræði eða náttúrufræði fyrir þennan hóp. Þau fá því í hendurnar sömu námsbækurnar og jafnaldrar þeirra sem hafa lært íslensku frá unga aldri. Kennarar reyna að koma til móts við þau en í starfsumhverfi unglingadeildakennara er þeim þröngur stakkur sniðinn.

Við glímum einnig við töluverða kennaraveiltu. Kennarar í íslensku sem öðru tungumáli staldra oft stutt við því kennslunni er bætt við önnur verkefni og tíminn fyrir kennsluna naumt skammtaður miðað við þörfina.

Enska tungumálið reynist síðan óþægur ljár í þúfu, því nemendur og starfsfólk er gjarnt á að nota ensku í samskiptum – jafnvel þegar nýkomnir nemendur kunna ekki ensku og skilja hana ekki. Í nútímasamfélagi þar sem þýðingarvélar eru í vasanum okkar, þá er engin ástæða til að grípa til ensku. Það þarf hugarfarsbreytingu í okkar samfélagi. Fólkið sem hingað flytur veit að hér er töluð íslenska og það vill læra íslensku. Við þurfum að læra að tala íslensku við fólk sem er að læra hana, gefa okkur tíma, tala hægt og skýrt og miðla íslensku á fjölbreyttari máta, t.d. með skýrum myndatexta og með því að láta auðlesinn texta fylgja með þegar flókinn texti er sendur út. Við sem vinnum með íslenska tungumálið á hverjum degi þörfumst þess að fleiri leggist á árararnar með okkur og láti íslensku vera í öndvegi. Því tungumál lærist ekki einvörðungu í skóla, það þarf að vera alltumlykjandi í samfélaginu. Við þurfum íslensk heiti, íslenskar auglýsingar, íslenskt afþreyingarefni og að íslenska sé töluð í verslunum, fyrirtækjum, skólum og stofnunum.

Efla þarf samstarf á milli sveitarfélaga og skólastiga og skapa samráðsvettvang fyrir fólk sem vinnur við þennan málaflokk til að samhæfa aðgerðir. Það koma upp margvíslegar áskoranir og það væri til bóta ef við gætum talað og unnið saman þvert á stofnanir og sveitarfélög að farsæld barna og ungmenna. Mikil hjálp er fólgin í því að vera í öflugu samráði, því það eflir starfsfólk og í sameiningu komast hlutir á hreyfingu. Grunnskólakennarar í Breiðholti hafa skapað með

3. Á vegum Menntamálastofnunnar mun koma út byrjendabók í íslensku, vonandi fyrir næsta vor (Munnleg heimild: Menntamálastofnun).

sér samráðsvettvang og vinna saman að framgangi faggreinarinnar, íslensku sem annað tungumál. Og víða um bæ er fólk að semja námsefni, finna upp kennsluáferðir og finna leiðir til að kenna íslensku þannig að öll börn geti náð tökum á henni. Við þurfum fjölbreyttar leiðir til að mæta þörfum nemenda af erlendum uppruna. Þeir eru á mismunandi aldri með ólíka reynslu í farteskinu. Það mun seint verða þannig að „Leiðin“ með stórum staf verði fundin upp en engu að síður er mikilvægt að byggja upp faglega umgjörð um kennslu íslensku sem annars máls. Það er búið að áorka ýmsu líkt og að gefa út námskrá í íslensku sem öðru tungumáli og innleiða stöðumat á fyrri þekkingu nemenda. Fagleg umgjörð felur einnig í sér fjölbreytt

námsefni, vandaðar kennsluáætlanir og að kennarar hafi nógan tíma með nemendum. Því nemendur þurfa að fá tíma til að læra íslensku sérstaklega, hún lærir ekki sjálfkrafa. Þá þarf öflugt námsmat sem er samræmt á milli skóla og landshluta og síðast en ekki síst vel menntaða kennara.

Það er bjart framundan þó að margar áskoranir blasi við. Ýmislegt er í bígerð og áhugi er á að gera betur. Mikilvægt er að vinna hratt og örugglega til að tryggja börnum sem hingað flytja góða og vandaða íslenskukennslu. Því góð tungumálakunnátta í íslensku er lykill fyrir þau að frekari námi og þátttöku í íslensku samfélagi.

## Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. (2021). Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Menntamálastofnun. (e.d.) Viðmiðunarstundatafla. Sótt af [https://mms.is/sites/mms.is/files/vidmidunarstundatafla\\_isat.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/vidmidunarstundatafla_isat.pdf)



# Viðhorf til íslensku

## 1. Inngangsorð

Hér verður fjallað um viðhorf til íslenskrar tungu. Ekki þarf að hafa mörg orð um það að hún á allt undir því að henni sé sýnd virðing og ræktarsemi.

Sjónum verður beint að nemendum við námsgreinina Íslenska sem annað mál við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Annars vegar verður byggt á fjölmiðlaviðtölum við fyrrverandi og núverandi nemendur höfundar og hins vegar á prófgögnum úr tilteknu námskeiði. Gögnin varpa ljósi á viðhorf málmennta til íslensku og jafnframt hvata þeirra til náms en einnig birtast í þeim hugleiðingar nemenda um framtíðarhorfur íslensku í sambýli við ensku. En fyrst verður fjallað stuttlega um þróun og stöðu námsgreinarinnar.

## 2. Námsgreinin Íslenska sem annað mál

Nám og kennsla í íslensku fyrir erlenda stúdenta við háskólann á sér langa sögu. Í upphafi var um einstök námskeið að ræða en um miðbik 6. áratugar síðustu aldar var stofnuð sérstök námsgrein sem fól í sér tveggja ára akademískt nám sem lauk með sérstakri prófgráðu, Bacc.Phil.Isl. Í tímans rás lengdist námið í þrjú ár og nú ljúka nemendur BA-prófi í íslensku sem öðru máli (Margrét Jónsdóttir 2007; Þóra Björk Hjartardóttir 2000). Heiti námsgreinarinnar hefur og þróast í takt við tímann, í fyrstu var það Íslenska fyrir erlenda stúdenta en er nú Íslenska sem annað mál. Íslenska sem annað mál er nú fjölmennasta

námsgreinin við Háskóla Íslands („Skýrist af alþjóðavæðingu og fjölgun innflytjenda“ 2023) en skráðir nemendur haustið 2023 voru um 600. Keppikefli er auðvitað að sem flestir ljúki náminu.

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum og áratugum í greininni samfara örum samfélagsbreytingum sem hafa leitt til margvíslegrar kennsluþróunar og rannsókna á fræðasviðinu. Tvær námsleiðir eru í boði við námsbrautina: Annars vegar er það fyrrnefnt BA-nám sem er í senn hagnýtt og fræðilegt nám um íslenska tungu, bókmenntir og sögu Íslands. Nemendur þurfa að búa yfir kunnáttu í íslensku og standast inntökupróf áður en þeir hefja námið. Hins vegar er það hagnýtt 60 eininga diplómanám sem hefur verið í boði frá 2008 til að mæta þörfum byrjenda í íslensku sem vilja styrkja stöðu sína í samfélaginu eða búa sig undir frekara nám.

## 3. Viðhorf til íslensku og hvati til náms

Nú verður vikið að nemendum í íslensku sem öðru máli, viðhorfi þeirra til íslensku og hvata að baki málanáminu. Fyrst ber þá að nefna Jakub Stachowiak en hann var tekinn tali í þættinum Tengivagninn á Rás 1 2022. Hann lauk BA-prófi í íslensku sem öðru máli við háskólann fyrir nokkrum árum, fór síðan í meistaranám í ritlist við sama skóla og hefur gefið út nokkrar ljóðabækur en hann yrkir eingöngu á íslensku. Eins og fram kemur



í viðtalinu („Auðveldara að elska á Íslandi“ 2022) dró áhugi hans á íslenskri tungu hann til landsins og lýsir hann þar tilfinningalegum tengslum við málið. Hann heyrði íslensku fyrst þegar faðir hans í Póllandi spilaði fyrir hann lag af djassplötunni Gling gló með Björk Guðmundsdóttur og Tríói Guðmundar Ingólfssonar. Söngur Bjarkar á íslensku heillaði Jakob upp úr skónum. „Ég varð ástfanginn af tungumálinu,“ segir hann í viðtalinu. Þannig leiddi aðdáunin á íslensku hann til landsins en hann telur óvíst að hann væri staddur hér á landi ef ekki væri fyrir lagið Luktar-Gvendur á fyrrnefndri plötu. Jakob hófst strax handa við að læra málið þegar hann fluttist til Íslands.

Á hinn bóginn er það svo Lionel Govathson sem er á lokaspretti í BA-námi en í viðtali í Morgunblaðinu („Lærði að brosa á Íslandi“ 2023) leggur hann áherslu á mikilvægi þess að fólk sem kemur erlendis frá reyni að læra íslensku, „því íslenskan opni dyr að samfélagi, fólki og menningu landsins“. Jafnframt segir hann: „Þegar þú talar tungumál fólksins sem þú býrð í kringum þá talarðu til hjarta og sálar þeirra [svo]. Þannig skapaði ég mér heimili á Íslandi, með því að reyna að tala íslensku. Það snerti hjörtu margra og gaf mér rými á meðal íbúa landsins.“

Í máli íslenskunemanna birtist einstök sýn þeirra á íslenska tungu og verðmæti hennar. Þar má auk þess greina hvatann að baki málanáminu, drifkraftinn sem knýr þá áfram við tileinkun íslensku en rannsóknir benda til þess að sterkur hvati að baki málanámi auki líkur á að nemendur ljúki námi sínu og nái góðum tókum á markmálinu (Kolbrún Friðriksdóttir 2022).

#### 4. Enska allt um kring og íslensk málrækt

Í námskeiði sem höfundur þessarar greinar kennir á 3. ári í íslensku sem öðru máli, ÍSE601G Fjölmíðlamál, er málfar í fjölmiðlum tekið til umfjöllunar út frá ýmsum þáttum en til grundvallar umræðunni liggur íslensk málstefna. Einn efnisþáttur námskeiðsins nefnist Enska allt um kring og eru þá m.a. skoðuð dæmi um áhrif

ensku á íslensku í fjölmiðlum. Meðal námsefnis er fréttaskýringaþátturinn Kveikur á RÚV, nánar tiltekið þátturinn Enska þrengir að íslenskunni, sem var sýndur 1. febrúar 2022 í umsjón Brynju Þorgeirsdóttur og Árna Þórs Theodórssonar. Einn viðmælenda í þættinum, ung menntaskólastúlka, Matthildur, telur framtíð íslenskunnar ekki sérlega bjarta og að ekki sé ólíklegt að enskan nái yfirhöndinni í íslensku málsamfélagi. Á lokaprófi í námskeiðinu var spurt út í þessa umfjöllun í þættinum og nemendur beðnir um að taka afstöðu til spár Matthildar. Neðangreind dæmi sýna hugleiðingar þeirra<sup>1</sup> (Prófgögn úr námskeiðinu ÍSE601G Fjölmíðlamál). Í skrifum eins nemans kemur fram að hann telji ekki mikla hættu á að íslenska verði undir því málrækt sé svo ríkur þáttur í samfélaginu:

Ég held að Matthildur gangi svolítið of langt með að enska myndi taka alveg yfir á Íslandi. Það sem hún lýsir er að íslenskan myndi verða að eldhúsmáli. Á Íslandi eru til lög og reglur um notkun íslenskunnar og flestir hugsa vel um móðurmálið sitt og vilja nota og rækta hana áfram [...] og margir eru að berjast fyrir íslenskuna.

Í sama streng tekur annar nemandi í prófinu sem telur að áhugi á málvernd og stolt Íslendinga af móðurmálinu geti unnið gegn neikvæðum áhrifum ensku á íslensku:

Ég er ekki eins svartsýn og Matthildur og held ekki að enska muni taka yfir. Það er augljóst að enska er notuð mikið á Íslandi, sérstaklega í ferðaþjónustu og á netinu eða í tölvutækjum. En Íslendingar gera mjög mikið varðandi málræktun og mér finnst einnig að þeir séu miklu stoltari af málinu sínu en aðrar þjóðir. Íslendingar eru góð fyrirmynd þegar kemur að því að vernda tungumálið sitt. Það er ótrúlegt að nýjar kynslóðir geti lesið gamla texta og skilið þá. Þess vegna finnst mér ólíklegt að einhvern tíma muni enska tungumálið taka yfir.

1. Textum er breytt lítillega í samræmi við opinberar reglur um réttitrun.

Loks má sjá hér ummæli þriðja nemans sem er bjartsýnn fyrir hönd tungunnar en hann bindur jafnframt vonir við að ekkert verði gefið eftir í íslenskri málvernd:

Ég trúi því sannarlega að íslenska tungumálið muni vinna baráttuna við ensku og að enskan muni aldrei taka yfir og ég vona sannarlega að allar ráðstafanir verði gerðar til að tryggja þetta.

## Heimildir

„Auðveldara að elska á Íslandi.“ Viðtal við Jakob Stachowiak. 2022. *Tengivagninn*. Stjórnendur Júlía Aradóttir, Halla Harðardóttir og Melkorka Ólafsdóttir. Ríkisútvarpið, Rás 1, 14. ágúst.

Kolbrún Friðriksdóttir. 2022. Framvinda og áhrifaþættir í opnum málanámskeiðum á netinu. Í Birna Arnbjörnsdóttir, Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir (ritstj.): *Milli mála. Tímarit um erlend tungumál og menningu* 14:1, bls. 225–252. Sérarit 2022. <https://millimala.hi.is/is/arg-14-2022>

„Lærði að brosa á Íslandi.“ Viðtal við Lionel Govathson. 2023. *Morgunblaðið*, 25. júní. [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/06/25/laerdi\\_ad\\_brosa\\_a\\_islandi](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/06/25/laerdi_ad_brosa_a_islandi)

## 5. Lokaorð

Í ummælum íslenskunemanna sem hér hafa verið rakin birtist jákvætt viðhorf og virðing gagnvart íslenskri tungu. Jafnframt kemur fram trú á að áfram verði lagt kapp á að vernda hana og styrkja. Megi þessir notendur íslensku vera öðrum fyrirmynd.

Margrét Jónsdóttir. 2007. Kennsla í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands: þróun og horfur. <https://www.arnastofnun.is/sites/default/files/2019-03/JMargr%C3%A9t.%C3%ADsl%C3%AD%20H%C3%8D.pdf>

Prófgögn úr námskeiðinu ÍSE601G Fjölmiðlamál í námsgreininni Íslenska sem annað mál við Háskóla Íslands.

„Skýrist af alþjóðavæðingu og fjölgun innflytjenda.“ Viðtal við Jón Atla Benediktsson. 2023. *Vísir*, 14. júní. <https://www.visir.is/g/20232427785d/skyrist-af-al-thjoda-vaedingu-og-fjolgun-inn-flytj-enda>

Þóra Björk Hjartardóttir. 2000. Íslenskukennsla útlendinga við Háskóla Íslands. *Málfregnir* 19: 29–32.



Grace Achieng

# Bara hlusta

Komiði sæl. Ég heiti Grace Achieng. Ég er úr Grafarholti en upprunalega er ég frá Kenía og hef búið á Íslandi í 13 ár. Ég stunda nám í Háskóla Íslands og er á þriðja ári í BA-námi í íslensku sem öðru máli. Ég er eigandi og framkvæmdastjóri Gracelandic ehf. og er í stjórn Félags kvenna í atvinnulífinu.

Undanfarna mánuði hef ég séð fréttagreinar og kvartanir á samfélagsmiðlum þar sem lítið var gert úr fólki í láglauastörfum fyrir að tala ekki íslensku. Ég vil hvetja ykkur, kæru Íslendingar, til að hlusta á það sem ég hef að segja um það af hverju tungumálagilding er lykilatriði. Hlustið á sjónarmið manneskju sem hefur upplifað fordóma á sviði tungumáls, ekki vegna þess að ég vildi ekki læra heldur vegna þess að þið vilduð ekki hlusta.

Byrjum á þessu. Vitið þið hve oft á dag ég þarf að biðja Íslendinga um að tala við mig íslensku? Eða um að skipta ekki yfir á ensku. Já, ég er með hreim, já, stundum beygi ég ekki allt fullkomlega rétt. Og já, ég veit að stundum virðist greindarvísitala mín vera lægri en hún í raun og veru er þegar ég er að reyna að finna orðin, beygja þau og þýða á sama tíma. Þetta ætti ekki að leiða til fordæmingar heldur kalla á þolinmæði og hvatningu. Ef þið hlustuðuð bara.

Til fólksins á vinnustöðunum okkar – hvað er svona fyndið? Hvað er svona skemmtilegt við vandræðalegar tilraunir mínar til að tjá mig á máli sem er ekki móðurmál mitt? Hreimurinn okkar er merki um þol okkar og þrautseigju. Hann er merki þess að móðurmál okkar lifir í okkur enn í dag og því ætlast ég til þess að þú sýnir máli mínu virðingu. Hvert orð, hvert atkvæði sem ég segi er dregið fram með herkjum

úr munni mínum, samspil undirmeðvitundar, tungu, tanna og raddbanda. Afsakið því ef ykkur finnst málnotkun mín ekki nógu falleg fyrir ykkur. Orðin sem ég tala koma úr því sláturhúsi sem munnur minn er. Munnur minn er vígvöllur þar sem óhagganlegir menningarheimar berjast um yfirburði.

Tunga mín hefur lemstruð lifað af átökin við þetta nýja mál. Hreimurinn minn er það sem hjálpar mér að rata heim. Þegar ég segi Eyja-fjalla-jökull án þess að bíta í tunguna á mér á hún í sífelldri baráttu við sjálfa sig. Hún berst stöðugt við að afnýlenduæða sig, að missa sjálfið og finna það aftur á sama tíma. Sýnið þess vegna örlitla þolinmæði! Til er afrískur málsháttur sem segir: Tveir fílar geta ekki farið yfir ótrausta brú. Við skömmumst okkar ekki fyrir að tala með hreimunum okkar, við forðumst það ekki, og við breytum ekki nöfnum okkar til að komast frekar að. Og nei, við biðjumst ekki afsökunar á arfleifð mæðra okkar. Það er engin reisin í því að afneita því hver við erum. Við fólkið á vinnustöðum okkar segi ég því, hvað er svona fyndið? Mig langar að hvetja ykkur, kæru Íslendingar, til að bara hlusta.

Næsti punktur sem mig langar að ræða er af hverju tungumálið er lykill að inngildingu í samfélag og vinnumarkað. Þetta er úr grein sem ég skrifaði þegar ég sá kvartanir ykkar á netinu.

Hversu mikil áhrif hefur aðgangur að tungumálinu á lífsgæði innflytjenda á Íslandi? Jafnrétti á vinnumarkaði felur í sér inngildingu, það þýðir ekki að allir fái það sama – það þýðir að allir hafi aðgang að jöfnum tækifærum til að starfa á vinnumarkaði. Jafnrétti í tungumálinu er mikilvægt atriði.

Fjölbreytni er lykilhugtak fyrir fyrirtæki og nýsköpun. Rannsóknir sýna að skipulagsheildir sem búa til fjölbreytt teymi skila meiri ávinningi og sinna nýsköpun betur. Teymi sem samanstanda af fólki af mismunandi menningu, bakgrunni, aldri, kynjum og reynslusögum hafa víðari sýn á heiminn, skapa meira, finna fjölbreyttari lausnir og leysa vandamál á nýja og betri máta.

Svo virðist sem vinnumarkaðurinn geri sér ekki grein fyrir því hversu fjölbreytt samfélagið hér á landi er orðið. Erlendum ríkisborgurum á Íslandi hefur fjölgað úr 10 þúsund í 65 þúsund á rétt rúmum 20 árum. Rannsókn á vinnumarkaði, sem kynnt var á Jafnréttisþingi 2022, sýnir að yfir 20% vinnuafis á Íslandi er af erlendum uppruna en samt er einungis 1% í samkeppnishæfari störfum. Við töpum miklum verðmætum með því að huga ekki að þessu fólki. Fyrirtæki verða að endurskilgreina hvað fjölbreytni þýðir í raun og veru. Hversu fjölbreytt er fyrirtækið þitt og þinn iðnaður? Ert þú að hvetja til fjölbreytni og nýsköpunar í þínu fyrirtæki? Er grundvöllur fyrir fjölbreytni á Íslandi?

Ísland þarf á hugviti og fjölbreytni að halda. En það þarf ekki að leita mannauðs erlendis frá. Við eigum fullt af hæfileikaríku fólki á Íslandi sem er ekki nægilega mikið leitað til. Við þurfum að skapa umhverfi fyrir atvinnumiðlun og atvinnuþátttöku þessa hæfileikafólks til að stuðla að fjölbreytni og nýsköpun á Íslandi. Þjálf þau í íslensku frekar en að fá til landsins enskumælandi sérfræðinga sem kunna ekki orð í íslensku og koma bara til Íslands til að vinna og fara svo aftur til sinna landa. Þetta hjálpar fólki ekki að tala íslensku á vinnustaðnum.

Innflytjendur hafa þurft að sætta sig við störf sem oft eru langt fyrir neðan þeirra menntun og hæfni. Fólk sem býr yfir menntun, sérfræðikunnáttu og reynslu fær ekki störf við hæfi og þarf því að taka hverju sem býðst til að komast af og borga reikninga. Í finni og samkeppnishæfari störfunum sem við fáum er okkur oft ekki stætt á að vaxa, sama hversu hæf við erum eða bætum við okkur menntun. Þrátt fyrir að uppfylla allar hæfnikröfur og oft langt umfram kröfur sjáum við að frekar eru ráðnir íslenskir kollegar okkar í hærri stöður þrátt fyrir minni reynslu og hæfni.

Stundum velti ég fyrir mér hvort tungumálið sé hreinlega notað til að halda okkur í láglauastörfum með því að letja til íslenskunáms. Ég hvet alla til að leggja sig fram við að læra tungumálið en íslenska er ekki tungumál sem lærist á einum degi.

Ef innflytjendur skrá sig í íslenskunám þýðir það oftast skert vinnuframlag á meðan þar sem kennslustundirnar eru á almennum vinnutíma. Sem einstaklingur í láglauastarfi er erfitt að minnka vinnu til að sinna námi, auk þess sem vinnuveitandi þarf að bjóða upp á þann sveigjanleika. Íslenskunámskeið eru dýr og ekki löguð að mismunandi þörfum. Ég tel að það sé mikil þörf fyrir kennslu á vinnutíma og í starfstengdum fagorðum sem lærast ekki í hefðbundnu tungumálanámi.

Samfélagið þarf allt sem heild að taka þátt í aðlögun innflytjenda því ef það er eingöngu í höndum vinnumarkaðarins er hætt við hlutum á borð við ólöglegar ráðningar, vangreidd laun eða mansal. Þegar allt samfélagið vinnur saman minnka líkur á þessum brotum og ef þau koma upp þá hafa innflytjendur aðgang að upplýsingum, þjónustu og stuðningi.

Skortur á aðgengi að tungumálinu getur einnig leitt af sér mismunun og útilokun á ýmsa vegu á vinnumarkaði, ekki bara að innflytjendur séu ekki ráðnir eða sé haldið í láglauastörfum heldur njóti þeir heldur ekki sömu tækifæra í störfunum, hafi ekki aðgang að mikilvægum upplýsingum, ekki upplýstir um réttindi sín, sé haldið utan við ákvarðanatökur og einangraðir félagslega á vinnustaðnum.

Ég trúir því að tungumálið sé lykillinn að samfélagi jafnréttis þar sem allir hafi jafnan rétt að atvinnumarkaðnum. Ég trúir því líka að sá tími sé kominn að stjórnendur vinnumarkaðarins taki ábyrgð á sínu hlutverki í að styðja við aðlögun og framþróun innflytjenda sem þeir ráða til starfa. Við erum ekki bara „erlent vinnuafli“, við erum starfsfólk af erlendum uppruna sem þarf betri aðgang að tungumálinu og inngildingunni sem því fylgir.

Þar að auki er ég satt að segja meðvituð um það að hvað innflytjendur varðar sé til goggunarröð þar sem þau sem ekki eru hvít á hörund eru neðst í röðinni og ósýnileg í samfélaginu. Því miður lendir fólk innan þessa hóps innflytjenda í ákveðinni goggunarröð eftir

húðlit, í efsta þrepinu eru hvítir Bandaríkjamenn, Bretar, Kanadabúar og aðrir Vestur-Evrópubúar. Þar á eftir koma Austur-Evrópubúar, síðan Asíubúar og brúnt/svart fólk rekur lestina. Því dekkri sem húðin er, því neðar ertu í goggunarröðinni. Þrátt fyrir að vera með menntun og standast hæfniskröfur erum við ekki ráðin í finni störf, við þurfum að sætta okkur við láglaunastörf þar sem litlir möguleikar eru til framþróunar til þess að geta greitt reikninga og dregið fram lífið. Tungumálið er oft notað sem átylla en það virðist ekki vera vandamál þegar hvítt fólk er ráðið í þessi störf. Þetta hefur verið reynsla mín.

Ég tel að vinnumarkaðurinn sé að missa af svo miklu þar sem hæfileikaríkt fólk er vannýtt, það er til fólk með sköpunargáfu og ólíka sýn á hlutina sem gæti eflt samfélagið en er haldið niðri af menningartengdum úreltum stereótýpum. Við töpum öll á einsleitninni – jafnrétti er ákvörðun.

Ég lýk máli mínu með því að segja við ykkur, kæru Íslendingar, að ég stend með ykkur í því að varðveita íslenska tungu. Hún er eitt elsta talaða mál í heimi og af því megið þið vera stolt.

Í Háskóla Íslands er enginn áfangi sem fær fleiri umsóknir en Íslenska sem annað mál. Það er í sjálfu sér merki um það hve mikið við leggjum upp úr stöðu okkar sem nýir Íslendingar. Reynið því ekki að hæða okkur, leiðrétta okkur eða ýta á okkur með að læra íslensku. Vinna og mannlegur þrýstingur ætti ekki að hafa áhrif á íslenskukennslu og -lærdóm hjá starfsfólki og innflytjendum.

Alveg eins og forfeður ykkar gerðu fyrir 1000 árum höfum við nýju Íslendingarnir einnig ákveðið að nema land á Íslandi og við elskum þetta land eins heitt og þeir.

Ef varðveisla íslenskrar tungu skiptir ykkur máli er kominn tími til að fleiri en bara vinnuveitendur og samfélagið fjárfesti í málinu. Íslensk yfirvöld þurfa einnig að koma þar að eins og í öðrum norrænum löndum. Búa til innleiðingaráætlun sem inniheldur tungumálakennslu í samræmi við hæfni og menntun sem nýtist á atvinnumarkaði.

Á ensku er sagt: *Put your money where your mouth is.*

Ég hvet ykkur, kæru Íslendingar: Bara hlusta.



Jóna Dís Bragadóttir

# Hvað get ég orðið?

## Íslenskubraut fyrir útlendinga í Tækniskólanum

Á íslenskubraut fyrir útlendinga í Tækniskólanum eru 120 nemendur á haustönn 2023 frá um 45 þjóðernum. Nemendur koma til landsins á mjög ólíkum forsendum, baklandið er ólíkt og skólagangan líka. Íslenskubrautin er tveggja ára nám en það eru líka alltaf einhverjir sem byrja ekki á fyrsta getustigi, taka jafnvel bara eina önn áður en þeir hefja annað nám í skólanum.

Við leggjum stöðupróf fyrir nemendur til að kanna íslenskukunnáttu þeirra og til að geta staðsett þau á réttu getustigi. Við tökum móttökuvíðtal við nemendur þar sem við öflum upplýsinga um nemendur og þeir fá upplýsingar um námið hjá okkur og hvernig skólakerfið virkar á Íslandi. Þetta er mjög nauðsynlegur þáttur í upphafi þar sem alltaf eru nemendur sem aldrei hafa verið í skóla.

Nemendur stunda nám í mjög mismunandi áföngum en það eru sex áfangar á öllum getustigum, þrír á hvorri spönn en önninni er skipt í tvær spannar. Nemendur ljúka 27 einingum á önn og stundataflan er eins og hjá hverjum öðrum menntaskólanemanda.

Nemendur eru á fyrsta getustigi í fimm áföngum í íslensku og einum í upplýsingatækni. Það skiptir miklu máli að kenna þeim upplýsingatækni þar sem tölvur eru mikið notaðar í skólanum og það kemur fyrir að nemendur hafa aldrei kveikt á tölvu þegar þeir koma í skólann. Á öðru getustigi eru nemendur í fimm áföngum í íslensku og í stærðfræði. Eftir að við tökum upp kennslu í stærðfræði fórum við að finna „afburðanemendur“ í stærðfræði, á meðan aðrir

hafa aldrei lært stærðfræði. Nemendur geta í þessum áfanga klárað áfanga sem kenndir eru í almenna náminu og jafnvel haldið áfram í stærðfræði á næstu önnum á íslenskubrautinni. Á þriðja getustigi eru nemendur í fjórum áföngum í íslensku, einum í ensku og þar er sama fyrirkomulag og í stærðfræðinni, ef þau eru góð í ensku geta þau haldið áfram í almenna náminu, einnig fara þau í verkstæðisáfangar þar sem þau kynnast öðrum kennurum í skólanum og öðrum áföngum. Þau fara í myndvinnslu, sauma, listgreinar og smíði. Á fjórða getustiginu eru þau í fjórum áföngum í íslensku, lífsleikni og áframhald á verkstæðisáfanganum. Allir fara í íþróttir. Námsmat í áföngum er símat og mjög fjölbreytt til að höfða til allra og þurfa nemendur að ná 5,0 í lokaeknunn til að fá að halda áfram á næsta getustig.

Íslenskubrautin er 115 einingar og ganga þær upp í stúdentspróf á náttúrufræðibraut eða opinni braut eða inn á aðrar brautir skólans. Það er ekki mikið um það að nemendur hætti á íslenskubrautinni hjá okkur, s.s. lítið brottfall. Við höfum verið að meta nám frá heimalandi nemenda. Það er einn námsráðgjafi skólans sem sér að mestu um þessa nemendur og einnig erum við með sálfræðing sem þau hafa aðgang að eins og aðrir nemendur skólans. Við reynum eins og við getum að halda utan um nemendur eftir að þau útskrifast af brautinni, m.a. með því að hafa sérstakan umsjónarkennara fyrir þau sem er kennari á íslenskubrautinni og velja áfanga sem henta í almenna náminu svo að þau gefist ekki



upp. Það hefur gert gæfumun í því að halda þeim í skólanum.

Flestir nemendur sem til okkar koma hafa væntingar til námsins og til framtíðarinnar. Þau velta mikið fyrir sér hvað þau geta orðið. Þau hafa líka ákveðnar skyldur varðandi afkomu og eru oft og tíðum að vinna til að senda peninga til heimalandsins eða að hjálpa fjölskyldunni á Íslandi og því getur komið upp sú staða að vinnan á að ganga fyrir íslenskunáminu. Þegar við áttum okkur á þessu, þá reynum við að grípa inn í og finna leið til að auðvelda nemandanum að stunda nám sitt. Margir nemendur finna fyrir miklu öryggi í skólanum og vilja jafnvel ekki fara heim eða úr skólanum, eru langt fram eftir degi og mætt mjög snemma á morgnana. Þannig að skólinn veitir þeim öryggi sem skiptir miklu máli. Það hafa myndast falleg vinasambönd í skólanum af mismunandi þjóðernum og einn þannig hópur fór t.d. saman í sumarþústað, ferð um Ísland og fór til útlanda í sumar. Þessir nemendur útskrifuðust í desember 2022 og eru enn í skólanum. Við vorum með verkefni fyrir Covid þar sem við tengdum íslenska nemendur og nemendur á íslenskubraut það gekk ágætlega en hefur ekki farið af stað aftur. Það að vera á íslenskubraut og eiga vin á íslenskubraut skiptir ótrúlega miklu máli. Það er betra en að eiga engan vin. Ef nemandi líður vel þá gengur allt betur.

### Nokkrar sögur af nemendum okkar:

#### *Muslim frá Kirgistan*



Þetta er Muslim frá Kirgistan, hann útskrifaðist af íslenskubraut í desember 2022 og hélt ræðu fyrir

útskriftarnemendur. Hann kom til Íslands haustið 2020 ásamt móður, systur og afa sínum. Hann byrjaði á íslenskubrautinni í janúar 2021. Á fyrstu skóladögunum kom hann til mín og velti fyrir sér hvað hann gæti orðið á Íslandi.

Við förum nokkrum sinnum yfir það þau tvö ár sem hann var á íslenskubrautinni en það skipti hann mjög miklu máli að verða eitthvað. Að lokum ákvað hann að læra húsasmíði og það var alveg áskorun fyrir hann að fara þar í bóklegar greinar. Honum hefur gengið vel og stefnir á að klára stúdentspróf með húsasmíðinni.

#### *Faisa frá Sómalíu*



Faisa kom til Íslands í júní 2020, þá 19 ára gömul. Hún er frá Sómalíu og ein af fyrstu stúlkunum sem hafa komið einar til Íslands og til okkar. Hún byrjaði í skólanum haustið 2020 og sýndi strax framúrskarandi námsárangur.

Vorið 2021 eignaðist hún dreng en var staðráðin í því að halda áfram námi þegar hún hefði tækifæri til og hún kom aftur til okkar. Hún útskrifaðist af íslenskubrautinni vorið 2023. Þann tíma sem hún var á íslenskubrautinni velti hún því fyrir sér hvað hún gæti orðið eftir íslenskubrautina, hvað myndi nýtast henni. Í haust hóf hún nám í fataiðn. Hún kom til mín í gær og sýndi mér myndir sem hún er að teikna í áfanga sem heitir tískuteikning. Það voru frábærar myndir af svokölluðum galakjólum. Hún sagði mér jafnframt að hún hafi aldrei teiknað neitt, þetta kom henni sjálfri mikið á óvart að hún gæti teiknað, í Sómalíu er ekki teiknað, sagði hún. Hún leggur mikla áherslu á að vera sjálfstæð, hefur



tekið bílpróf og keypt sér bíl. Í viðtali í vor sagði hún: „Það sem stóð upp úr hjá mér í Tækniskólanum er að hafa lært mikið um Ísland. Þannig áttaði ég mig á því að mér finnst gaman að læra um sögu. Ég fann fyrir miklum stuðningi frá kennurunum mínum og skólastjóranum og fyrir það er ég mjög þakklát. Skólinn tók svo vel á móti mér og ég fann að ég var örugg í skólanum. Tækniskólinn er að mínu mati framúrskarandi skóli.“

### Nisreen frá Sýrlandi



Hér er saga Nisreen. Hún og Yousef eiginmaður hennar eru frá Sýrlandi. Þau komu til landsins haustið 2015, þá var hún 19 ára gömul. Þá áttu þau tvo drengi, annan mjög mikið fatlaðan og hinn líka, en ekki eins. Hún var framúrskarandi námsmaður og með 100% mætingu. Hún kláraði íslenskubrautina og velti mikið fyrir sér hvað hún gæti orðið. Hún hafði byrjað að læra hárgreiðslu í Sýrlandi og því hvöttum við hana til að læra það hér. Hún fór á hársnyrtibrautina og kláraði með hæstu einkunn og var verðlaunahafi skólans. Í desember 2022 kláraði hún stúdentspróf frá skólanum. Hún sagði við mig þegar hún byrjaði í skólanum, en þá var ég kennari, að hún ætlaði sér að verða eins og íslensk kona, sjálfstæð og engum háð. Fljótlega tók hún bílpróf og keypti sér bíl. Þess má geta að á meðan hún stundaði nám í skólanum eignaðist hún þriðja drenginn.

### Aref frá Afganistan



Aref kom til Íslands frá Svíþjóð haustið 2016 sem fylgdarlaust ungmenni, þá 16 ára gamall. Hann er frá Afganistan og þau voru á flóttu þegar hann varð viðskila við foreldra sína og litla bróður, þá var hann 12 ára. Hann fór til Svíþjóðar og var þar í nokkur ár þegar hann ákvað að fara til Íslands en hann var búinn kynna sér fyrirkomulagið hér. Hann byrjaði á íslenskubrautinni vorið 2017 og við áttuðum okkur fljótlega á því að þarna var framúrskarandi námsmaður og jafnframt ótrúlegur drengur. Eftir að hafa fengið nokkrum sinnum nei við landvistarleyfi fékk hann loksins já og var það mikill gleðidagur. Upp úr því byrjaði hann að vinna í fjölskyldusameiningu sem tókst að lokum og vorum við Steinunn brautarstjóri honum innan handar við ýmislegt sem þurfi að útvega. Hann velti því mikið fyrir sér hvað hann gæti orðið eftir íslenskunámið og hvað myndi nýtast honum best og fjölskyldunni. Að endingu ákvað hann að læra píparann og hér er mynd þar sem hann er að útskrifast sem pípari, ásamt glöðum foreldrum og litla bróður sem er núna að læra að verða pípari eftir íslenskubrautina.



# Málfregnir vefrit

2. tölublað, 21. árgangur – desember 2023

Útgefandi: Íslensk málnefnd

Ritstjóri: Ágústa Þorbergsdóttir

Veffang: [islenskan.is](http://islenskan.is) – vefur Íslenskrar málnefndar

ISSN : 1011-5889



ÍSLENSK MÁLNEFND